

## Ársskýrsla nefndar um dómastörf

2021

Nefnd um dómastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt níu formlega fundi á árinu. Fjölmargar ákvarðanir voru að auki teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndinni bárust á árinu 54 erindi frá dómurum. Um var að ræða tilkynningar um aukastörf, tilkynningar um látið hefði verið af aukastarfi, beiðnir um heimild til að gegna aukastarfi, tilkynningar um eignarhluti og beiðnir um heimild vegna eignarhluta.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsúrlausnir. Nefndinni bárust átta kvartanir á árinu. Fengu þrjár þeirra málsmeðferð og voru afgreiddar með álit. Í einu tilviki var ekki talið tilefni til athugasemda, einu máli var vísað frá og þriðja málinu var vísað frá að hluta en að hluta ekki talið vera tilefni til athugasemda. Fjórum málum var lokið án málsmeðferðar og var þeim öllum vísað frá þar sem kvartanir féllu ekki undir valdsvið nefndarinnar. Eitt mál var afturkallað.

Tvær fyrirspurnir bárust nefndinni á árinu frá fréttamönnum. Önnur laut að aukastarfi dómara, hin að því hvort það samræmist stöðu dómara að taka þátt í prófkjöri til alþingiskosninga eða að setjast sem varamaður á þing.

Nefndin yfirfór tillögur sínar að breytingum á lögum nr. 50/2016 að því er varðar störf hennar og stöðu og sendi þær á ný til ráðherra og réttarfarsnefndar.

Unnið var að endurskoðun reglna nr. 1165/2017 en ákveðið að fresta frekari vinnu í ljósi fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 50/2016. Sú vinna mun hefjast á ný þegar ljóst er hvort og þá hvaða breytingar verða gerðar á lögum nr. 50/2016.

Í febrúarmánuði voru skipaðir í nefndina þeir Helgi I. Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, tók hann sæti Friðgeirs Björnssonar en skipunartíma hans lauk í desember 2020, og Sindri M. Stephensen, dósent við Háskólann í Reykjavík, tók hann sæti Ásu Ólafsdóttur, sem skipuð var hæstaréttardómari í nóvember 2020.

Reykjavík 4. maí 2022.

  
Hjördís Hákonardóttir formaður